

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hörgársveit.

Breyting á deiliskipulagi Lónsbakka vegna hringtorgs.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 8. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi Lónsbakka vegna hringtorgs á gatnamótum Lónsvegar og Norðurlandsvegar skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin tekur til gatnamóta Lónsvegar og Norðurlandsvegar þar sem gert verður ráð fyrir hringtorgi en einnig til aðliggjandi lóða vegna nauðsynlegra breytinga á lóðamörkum. Deiliskipulagstillagan er unnin í samræmi og samhengi við tillögu að breytingu á deiliskipulagi sunnan Lónsvegar þar sem stefnt er að því að íbúðarbyggð komi í stað ferðaþjónustu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hörgársveit, 4. júní 2024.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 19. júní 2024